

Lög

um breytingu á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, lögum um Landsvirkjun, lögum um samvinnufélög og lögum um sameignarfélög (stjórnarformaður, kynjahlutfall í stjórn).

I. KAFLI

Breyting á lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 139/2001.

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málslíður, svohljóðandi: Formaður stjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig. Tryggt skal að í stjórn fyrirtækisins séu kynjahlutföll jöfn.

II. KAFLI

Breyting á lögum um Landsvirkjun, nr. 42/1983.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Tryggt skal að í stjórn fyrirtækisins sé hlutfall hvors kyns ekki lægra en 40%.
- Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Formaður stjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig.

III. KAFLI

Breyting á lögum um samvinnufélög, nr. 22/1991.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

- Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Í stjórnnum samvinnufélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%.

- b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Formaður stjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um sameignarfélög, nr. 50/2007.

4. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Í stjórnnum sameignarfélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%.

5. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Formaður stjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig.

6. gr.

Ákvæði 1. gr., 2. gr., b-liðar 3. gr. og 5. gr. öðlast gildi 1. janúar 2012.
Ákvæði a-liðar 3. gr. og 4. gr. öðlast gildi 1. september 2013.

Samþykkt á Alþingi 11. maí 2011.